



Lionsklúbbur
Álftaness

Bæjarráð Garðabæjar
b.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra
Garðatorgi
210 Garðabæ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mott.dags.	28.11.18
Málalykill	15.19
Mál nr.	1811308

Álftanesi, 27.11.2018.

Efni: Þorrablót Kvenfélags Álftaness og Lionsklúbbs Álftaness 2019

Undanfarin ár hafa Kvenfélag Álftaness og Lionsklúbbur Álftaness staðið sameiginlega fyrir glæsilegum Þorrablótum. Þessi blót hafa verið fastur viðburður í félagslífi á Álftanesi, verið mjög vel sótt og vel heppnuð. Nú líður senn að enn einu þorrablótinu. Þar stefnum við á að gera að minnsta kosti eins vel og undanfarin ár, þó helst betur.

Við framkvæmd þorrablóta hefur velvilji, jákvætt viðmót og stuðningur bæjaryfirvalda reynst okkur ómetanlegur. Það er ekki sjálfgefið að njóta þesslíka stuðnings og velvilja og viljum við hér með þakka kærlega fyrir hann.

Kvenfélag Álftaness og Lionsklúbbur Álftaness hafa ákveðið að halda þorrablót laugardaginn 9 febrúar 2018.

Þetta þorrablót mun verða með hefðbundnu sniði líkt og undanfarin ár. Snæddur góður matur, fjöldasöngur og skemmtiatriði. Að því loknu mun hljómsveit leika fyrir dansi.

Með vísan til ofangreinds vil ég, fyrir hönd Kvenfélags Álftaness og Lionsklúbbs Álftaness, óska eftir því að bæjaryfirvöld leggi okkur lið við framkvæmd skemmtunarinnar á líkan hátt og áður, þ.e.a.s. með afnotum að húsnæði bæjarins, (íþróttamiðstöðin Álftanesi) og jafnframt aðstoð starfsfólks íþróttamiðstöðvarinnar.

Að óbreyttu förum við þess á leit að fá salinn til afnota föstudaginn 8. febrúar og skila honum af okkur í lok dags sunnudaginn 10. febrúar.

Einnig óskum við eftir að fá endurgjaldslaust, eins og áður, afnot af hljóðkerfi í eigu Garðalundar og aðstoð starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar við uppsetningu kerfisins auk aðstoðar starfsmanna íþróttamiðstöðvarinnar við uppsetningu og frágang salarins.

Ef jákvætt verður tekið í þessa ósk félaganna ráðgerum við, líkt og áður, náíð samstarf við íþróttafulltrúa bæjarins varðandi nánari framkvæmdir.

Undirritaður mun fúslega veita frekari upplýsingar verði eftir þeim óskað.

Rafn Pálsson,
formaður þorrablótsnefndar Lionsklúbbs Álftaness
GSM: 892 1151

